

33

19. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð frá 30. okt. 1947, um breyting á reglugerð um gerð og notkun bifreiða, nr. 72 24. júní 1947.

1. gr.

Í stað orðanna: „Hægri ljósgeisli skal vísa $2\frac{1}{2}$ gráðu til vinstri“ í 3. mgr. 1. gr. komi: „Lægri ljósgeisli skal vísa $2\frac{1}{2}$ gráðu til vinstri.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, og birtist hún til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 19. febrúar 1948.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

34

20. febr.

REGLUR

um gjald fyrir heimavinnu við leiðrétting stíla.

1. gr.

Heimilt er að greiða hverjum stundakennara fyrir heimavinnu við leiðrétting stíla, er verða umfram 80 á mánuði að jafnaði, eins og hér segir:

- a. 30 aura fyrir hvern stíl í íslenzku.
- b. 20 aura fyrir hvern stíl í erlendum málum, svo og hverja stærðfræði- og eðlisfræðiúrlausn í menntaskólum (lærdómsdeild).
- c. 15 aura fyrir úrlausn hvers nemanda í reikningi og stærðfræði í gagnfræðaskólum.

Auk þess greiðist verðlagsuppbót.

Tala stíltíma í hverri námsgrein skal ákveðin með samþykki skólastjóra.

Stíll táknar hér skriflegt verkefni, sem unnið er heima og svarar til a. m. k. kennslustundarvinnu nemanda, eða skriflegt verkefni, sem leyst er af hendi í heilli kennslustund.

2. gr.

Greiðsla samkvæmt 1. gr. nær einnig til fastra kennara, að svo miklu leyti sem þeir njóta eigi stundafrádráttar.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 16. gr. laga nr. 58 1946, um menntaskóla, 38. gr. laga nr. 48 1946, um gagnfræðanáám, og 11. gr. laga nr. 16 1947, um menntun kennara, skulu gilda frá byrjun skólaárs 1947—48.

Menntamálaráðuneytið, 20. febrúar 1948.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.